



Alþingi
Erindi nr. P 133/1226
komudagur 26.2.2007

23. febrúar 2007
SI-32657


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 12. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um tekjuskatt, 53. mál, barnabætur.

Með þeim lagabreytingum sem frumvarpið kveður á um hækka tekjumörkin þar sem skerðing barnabóta hefst úr 77 þús.kr. á mánuði í 125 þús.kr. hjá einstæðum foreldrum og úr 155 þús.kr. í 250 þús.kr. hjá hjónum, en ótekjutengdar bætur verða greiddar með börnum yngri en 10 ára, þremur árum lengur en nú er gert. Hækkun barnabótaaldurs sýnist kosta tæpar 700 milljónir króna. Erfiðara er að meta kostnað af hærri skerðingarmörkum. Miðað við það sem sagt er í greinargerð um hve skerðingar eru ráðandi hlýtur sá kostnaðarhluti að vera talsvert meiri en hinn.

Það er pólitískt álitamál og ekki á verksviði Seðlabankans hvernig og í hvaða mæli ríkisvaldið endurdreifir tekjum þegnanna með sköttum og bótum. Hins vegar hefur bankinn áður lýst skoðunum á því hvort breytingar á tekjum eða gjöldum séu heppilegar út frá áhrifum á afkomu ríkissjóðs, heildareftirspurn og tímasetningu í hagsveiflunni. Þessi útgjaldahækkun bætist við skattalækkanir undanfarinna ára, en virðist talsvert minni umfangs og kemur talsvert seinna í hagsveiflunni, eða árið 2008. Hagstjórnarhætta af breytingum samkvæmt frumvarpinu ættu því að vera minni þótt þær séu sama eðlis.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605